


Hvert, get ég leitað?

Bæði börn og foreldrar geta óskað eftir
ráðgjöf hjá tengilið farsældar.

Á hfj.is/farsaeld má nálgast nánari
upplýsingar um tengiliði hjá öllum leik-, grunn-
og framhaldsskólum í Hafnarfirði.




hfj.is/farsaeld



Öll börn eiga rétt á að fá
þá þjónustu sem þau þurfa
þegar á þarf að halda. Það
getur verið flókið að vita hvert
á að leita til að fá viðeigandi
aðstoð. Lögin eiga að tryggja
að börn og foreldrar fái rétta
aðstoð, á réttum tíma, frá
réttum aðilum.



~~~~~ þar sem barnið er hjartað í kerfinu ~~~~~



Samþætt þjónusta í þágu  
farsældar barna í leik-,  
grunn- og framhaldsskólum  
í Hafnarfirði.



Hafnarfjörður



**FARSÆLD BARNA**

þar sem barnið er hjartað í kerfinu

Alþingi hefur samþykkt ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.


**Samþætting þjónustu** felur í sér að allir þjónustu-veitendur sem koma að málefnum barns, innan og utan skólans, megi deila upplýsingum sín á milli, að höfðu samráði við foreldra.

Beiðni og fræðslu um samþættingu þjónustu er hægt að nálgast hjá tengilið farsældar í skóla barnsins og geta bæði barn og foreldrar óskað eftir samtali.

# Styðjum börnin snemma

**Snemmtækur stuðningur** felur í sér að börn fái aðstoð og viðeigandi úrræði sem fyrst. Markmiðið er að veita liðsinni áður en vandi vex og hefur áhrif til lengri tíma.

**Farsældarlögin** ná til allrar þjónustu sem veitt er innan skólakerfis, heilbrigðiskerfis og félagsþjónustu auk lögreglu.



## Stigskipting þjónustu:



### Fyrsta stig

Fyrsta stig felur í sér grunnþjónustu sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum þeirra. Hún felur í sér einstaklingsbundinn og snemmtækan stuðning með það að markmiði að styðja við farsæld barns. Barn hefur aðgang að tengilið sem veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu. Tengiliður aðstoðar við að tryggja aðgang að mati á þörfum barns og skipuleggur og fylgir eftir samþættingu, sé hún til staðar.



### Annað stig

Á öðru stigi er veittur einstaklingsbundinn stuðningur með það að markmiði að tryggja farsæld barns. Barn hefur aðgang að tengilið og er með málstjóra. Málstjóri veitir ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu. Hann aðstoðar við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum barns, ber ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og leiðir saman stuðningsteymi.



### Þriðja stig

Þriðja stig felur í sér einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðning með það að markmiði að tryggja að farsæld barns verði ekki hættu búin. Þjónusta getur verið á grundvelli barnaverndarlaga og/eða tengt börnum með umfangsmikla þjónustubörf og fjölbættar stuðningsþarfir.